

SÖNGBÓK



SUMARMÖT EIK (m-l)

1975

SÖNGVARNIR Í HEFTINU:

ALÞJÓÐASÖNGUR VERKALÝÐS.....	bls. 3.
STRÍÐSSÖNGUR JAFNAÐARMANNA.....	bls. 4.
VARSJÁR-SÖNGURINN.....	bls. 5.
RÖDD BYLTINGARINNAR.....	bls. 7.
VINNUFÓLK.....	bls. 8.
SÖNGUR UM SAMFYLKINGU.....	bls. 9.
HERHVÖT LANGBRÓKA.....	bls.10.
STEFNUSKRÁRSÖNGURINN.....	bls.10.
TIL HINS STRÍÐANDI VIETNAM.....	bls.11.

ALÞJÓÐASÖNGUR VERKALÝÐSINS

Fram þjáðir menn í þúsund löndum,
sem þekkið skortsins glímútök.
Nú báru frelsis brotna á ströndum,
boða kúgun ragnarök.
Fúnar stoðir burtu vér brjótum.
Bræður fylkjum liði í dag.
Vér bárum fjötra, en brátt nú hljótum
að byggja réttlátt þjóðfélag.
::Þó að framtíð sé falin
grípum geirinn í hönd
því Internasjónalinn
mun tengja strönd við strönd::

Á hæðum vér ei finnum frelsi,
hjá furstum eða goðapjóð.
Nei, sameinaðir sundrum helsi
og sigrum, því ei skortir móð.
Alls hins stolna aftur vér krefjum,
ánauð þolir hugur vor trautt,
og sjálfir brátt vér handa hefjumst
og hömrum meðan járn er rautt.
::Þó að framtíð sé falin.....::

Vér erum lagabrögðum beittir
og byrðar vorar þyngdar meir.
En auðmenn ganga gulli skreyttir
og góssi saman raka þeir.
Nú er tími til dirfsku og dáða.
Vér dugum, -þiggjum ekki af náð.
Látum bræður því réttlætið ráða
svo ríkislög vor verði skráð.
::Þó að framtíð sé falin.....::



STRÍÐSSÖNGUR JAFNAÐARMANNA

Sjá roðann í austri, hann brýtur sér braut.
Fram, bræður, það dagar nú senn.

Þeir hæða vorn rétt til að rísa frá þraut,
vorn rétt til að lifa eins og menn.

Þeir skammta okkur frelsi, þeir skammta
okkur brauð.

Hvað skóp þeirra drottnandi auð?

Á herðar oss ok fyrir öldum var lagt
það ok hefir lamað vort fjör.

En vér erum fjöldinn, því sé það ní sagt:

Vér sverjum að rétta vor kjör.

Og vaknið nú bræður til varnar í nauð.

- Vor vinna, hún skóp þeirra auð.

Til grunna skal bráðlega hrynja sú höll,
sem hróflaði upp gullkálfsins þý.

Nú hönd þína, bróðir, því heimssagan öll
skal héðan af byrja sem ný.

Vér vöknum í eining til varnar í nauð

og vinnan skal gefa okkur brauð.





Varsjár - söngurinn.

Uppreisnin breiðist svo ótt yfir landið
upp, upp til vopna þú kúgaða stétt.
Skyldan hún kallar til orrustu alla.
Afl mót valdi, þá sigrum við létt,
því við eigum frelsis ólgandi elda.
Upphefjum blóðrauðan fánann með dáð.
Verkamenn fylkjum nú fjendunum móti.
Fram, nú skal síðasta orrustan háð

Fram, allslausí múgur, engu átt að tapa
öðru en hlekkjum, þín lausn er þitt starf.
Bráðum skal öreigans alræði drottna,
þá er okkar tími að bæta vörn arf.

Sultur og neyð hafa nagað oss alla.
Níðingsins þjóðfélag bráðum er nár.
Brjótum því nú hina bölvuðu hlekki,
blóðhefndin ein getur læknað vor sár.
Með lífinu höfum við hugsjónir goldið,
sem hefja til frelsis hinn kúgaða lýð.
Fram því í vígið - sjá, fánanum blæðir,
fram, Rauði herinn er búinn í stríð.

Fram allslausí múgur, engu átt að tapa
öðru en hlekkjum, þín lausn er þitt starf.
Bráðum skal öreigans alræði drottna
þá er okkar tími að bæta vörn arf.



RÖDD BYLTINGARINNAR

Rudolf Nilsen.

Gef mér þann hreina, hrausta
hugdjarfa sterka mann
með þolgæði, þrek og vilja,
er þrátt fyrir kvöl og bann
berst fram í bleikan dauðann
að brjóta mér leið. - Gef mér hann.

Gef mér þær hyggnu hetjur,
sem hylla minn raunveruleik.
Þeirra, sem vita ég þarfnast meir
en þess, sem trúði ég sveik.
Loforð um kærleik léttvæg ég met
sem lettruð í sand eða reyk.

Gef mér þá bitru, beisku,
er blikna við enga sýn,
sem þrá enga dulspekidrauma,
því dagsins herlúður hvín:
Skapið guðlausan himin hér
þar hamingjusólin skín.

Gef mér þau heitustu hjörtu
sem harmar fá aldrei þreitt,
og ístöðuleysi og efi
ekki til hvíldar leitt,
sem brosa mót sigri og ósigri eins
og æruorð þekkja ei neitt.

Ég bið aðeins um þá bestu
og bræður, ég gef ykkur allt,
því enginn fær séð, fyrr en sigrað ég hef
í sannleik, hve mikið ég galt.
Já, gef mér það besta, hin blóðskírða jörð
mun borga það þúsundfalt.

VINNUFÓLK

Hver grefur járn úr jörðu
og jarðargróðan sker.
Hver dregur silfur sjávarins
og seint að landi fer.
Hver bakar feitum herra brauð
en býr við armæðu og nauð.
::Víst er það vinnufólkið
verkalýðsins stétt::

Hver þrælar þungan daginn
í þrengslum skímugrám
og ber á lotnu baki
byrð af sköttum hám.
Hver knýr af afli heimsins hjól
hamingjunnar rændur sól.
::Víst er það vinnufólkið
verkalýðsins stétt::

Und fánans rauða faldi
vort festum bræðralag
og brátt af hreysti berjumst
byltingunni í hag.
Og stolt við berum fánans fald
fram í stríð við auðsins vald.
::Vaknið vinnustéttir
verkalýðsins fjöld::

Vér búum yfir afli
eldi og trúarmóð.
Auðvaldinu eyðum
með einingarinnar glóð.
Og friðarborg af rústum rís
réttlætisins paradís.
::Vaknið vinnustéttir
verkalýðsins fjöld::

Þá morgunroðinn merlar
við mæra Íslands strönd
og sigurfána er sveiflað
í sterkri vinnuhönd.
Er launaprælsins bresta bönd
hefst bræðralag um jarðar lönd
::Þá sigrar samfylkingin
og sveitin verkalýðs::



SÖNGUR UM SAMFYLKINGU

Við menn þurfum mat og klæði
mjúkyrði stoða ei hót.
Slíkt mettar ekki magapurft
né meinsemdum á ræður bót.

viðl. Fylg oss félagi
fylkjum liði í dag
undir merki hins arðrænda manns
í vopnaðri einingu verkalýðs
þar til valdið að lokum er hans.

Fólk er til frelsisins borið
og fær ei þolað kúgarans vald
því frelsisþráin í brjósti þess býr
og brýtur loks hlekkjanna hald.

viðl. Fylg oss félagi...

Þú ert arðrændur og af því
ei mátt trúá orðum borgarans
þú frelsi nærð aðeins með eigin styrk
er þú undan brýst forræði hans.

viðl. Fylg oss félagi...

HERHVÖT LANGBRÓKA

Til baráttu höldum vér Langbróka lið
vor leiðsögn er kúgaðra fjöld,
gegn karlmannalögmálum, kreddum og sið
þeim klyfjum frá horfinni öld,
þeim kærkomna sigri þá kemst óðum nær
sú kona, er eigin vitund fær,
þeim kærkomna sigri, þá kemst óðum nær
sú kona, er var hlekkjuð í gær.

Af kreddunum þvinguð, af kröfunum bæld
hver kona, - vér þolum ei meir.
Vér heimtum vor réttindi, heimtum þá sæld
að hugsa og tala eins og þeir.
Vér jafnrétti krefjumst, sú köllun er merk
gegn kúgun nú fylki sér konan sterk.
Vér jafnrétti krefjumst, sú köllum er merk
hún er konunnar framtíðarverk.

STEFNUSKRÁRSÖNGURINN

Fram fram konur
forðum okkur hættu frá
því kúgarar oss vilja klekkja á.
Sýnum nú dug
djörfung og hug.
Stöndum saman kvennapjóð
voða ber að höndum
sá er okkar svíkur ljóð
mun settur verða böndum.

Fram fram konur
brjótum okkur hlekkjum úr
því kúgunin okkur er orðin súr.
Sýnum vorn dug
djörfung og hug.
Stöndum saman kvennaher
veltum af okkar höndum
því sem okkur fjandi er
og hlekkjum það í böndum.

(Langbrækur er baráttuhópur kvenna meðal
Íslendinga í Osló)

TIL HINS STRÍÐANDI VIETNAM

(albanskur baráttusöngur)

Eitur, napalm og eldar
efla þinn vilja og þor
í vopnaðri vörn að verja þín börn
í stríð, í stríð
gegn Nixon og níðingaher.
Með eldi og morði fær enginn
eignað sér þitt fjöðurland.
Er stálfugla hjörð, þína holaði jörð
þá hatrið í blóði þér brann.
Vietnam, Vietnam
með fordæmi leið vora lýs
uns heimsvaldastefnan
steypist er alþýðan rís.

Frá Kúvaít til Kóreu
frá Kólumbíu til Chíle
alþýðan víst til baráttu býst
í vörn, í vörn
gegn valdniðslu arðræningjans.
Bóndi er sækir að Saigon
sá fjöldi berst þér við hlið
und frelsisins fána, felst ei á rán
í sókn, í sókn
til sigurs gegn ánauð og smán
Vietnam, Vietnam
með fordæmi leið vora lýs
uns heimsvaldastefnan
steypist er alþýðan rís.



ALDÝÐAN Í INÓKÍNA BEFFER TANNIÐ TÍÐR Á
HEIMSVALLÁSTEFNUNNI -

LIFI FRJÁLST VIETNAM
LIFI FRJÁLS KAMBÓDÍA

